

**Sp.**

**72. Tillaga til þingsályktunar**

**[45. mál]**

um flugsamgöngur Vestfjarða.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara hið fyrsta rannsókn á því, hvernig flugsamgöngum við Vestfirði verði bezt og hagkvæmast fyrir komið. M. a. skal athugað, hvort hagkvæmt muni að taka upp landflugvélar til þessara samgangna og hvort núverandi flugvellir á Vestfjörðum geti fullnægt slíkum flugvélum, svo að sem almennust not geti orðið að flugsamgöngum fyrir þennan landshluta.

#### Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, hefur flugsamgöngum við Vestfirði verið haldið uppi með sjóflugvélum fram að þessu. Venjulegir landingarstaðir hafa verið: Hólmavík, Ísafjörður, Önundarfjörður, Dýrafjörður, Arnarfjörður og Patreksfjörður.

Allar flugferðir eru að sjálfsögðu háðar veðurfari. En þegar lenda skal flugvél á sjó, er auðsætt, að ólendandi getur orðið vegna vinda, þótt auðvelt væri að lenda á flugvelli í sama veðri. Af þessu leiðir, að samgöngur með sjóflugvélum eru mjög ótryggar, og geta jafnvel liðið svo langir tímar, að ekki verði not sjóflugvéla, þótt landflugvélar geti farið ferða sinna.

En auk þessa er viðhald sjóflugvéla mjög kostnaðarsamt. Þær tvær sjóflugvélar, sem enn eru í förum milli Reykjavíkur og Vestfjarða, eru orðnar gamlar og viðhaldsfrekar og líklegt talið, að taka verði þær úr notkun innan skamms tíma. Verður þá ekki um sjóflugvélar að ræða í þeirra stað, þar sem þær munu vera ófáanlegar.

Allmargar flugbrautir eru þegar komnar víðs vegar um Vestfirði og nokkrar eru fyrirhugaðar þar á næsta ári til viðbótar. Allar eru flugbrautir þessar stuttar, enda mjög erfitt og kostnaðarsamt að koma upp stórum og fullkomnum flugvöllum þar vestra. Samt hafa þessar flugbrautir orðið mikils virði við sjúkraflug. Ef flugbrautir þessar gætu með nokkrum lagfæringum og viðbótum fullnægt landflugvélum til almennra mannflutninga, væri það mikill fengur fyrir flugsamgöngur Vestfjarða.

Nú mun vera hafin erlendis framleiðsla á landflugvélum, er ekki þurfa lengri flugbrautir en til eru nú þegar á Vestfjörðum. Ekkert skal um það fullyrt, hvort flugvélar þessar henta íslenskum staðhátum og veðurfari né hversu hagkvæmur rekstur þeirra kynni að verða.

Þá skal á það bent, að ef taka ætti upp landflugvélar fyrir Vestfirði, þarf gerð og skipan flugvalla að vera í samræmi við það.

Allt þetta þarf að athuga sem fyrst, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.